

Alþingi
Erindi nr. P 128/239
komudagur 21.11.2002

128. löggjafarþing 2002-2003

Þskj. 10 – 10.mál.

Tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks.

Reykjavík, 19.nóvember 2002

Það er mat Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna að brýnt sé að útbúa raunhæfa neysluviðmiðun fyrir Ísland. Í neysluviðmiðun er tekið tillit til mismunandi útgjaldamynsturs eftir annars vegar fjölskyldustærð og hins vegar fjölskyldugerð, þar sem viðurkennt er t.d. að útgjöld breytast með aldri og eftir kyni barna.

Slík neysluviðmiðun hefur um margra ára skeið verið notuð í nágrannalöndunum en sama viðmiðið er notað í öllum “kerfum”, jafnt til útreiknings á atvinnleysisbótum sem lifeyrisgreiðslum og í nauðasamningum til dæmis. Breyting á högum hefur því sömu áhrif, tekjulega séð, óháð hvaðan greiðslur eru að koma.

Hér á landi eru hins vegar margs konar viðmið í gangi og ekkert samræmi þar á milli. Það getur, í sumum tilfellum, jafnvel verið hagstæðara að fá greiðslur frá Tryggingastofnun heldur en t.d. frá sveitarfélögum.

Líklegt má teljast að neysluviðmiðun hefði í för með sér hækkun bóta, fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, námslána og lægstu launa og spurning hvort það sé ekki besta kjarabótin fyrir þá hópa sem lægstar hafa tekjurnar, þegar upp er staðið.

Margrét Westlund, forstöðumaður
Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík